

## Reglur um dagþjálfun aldraðra

### 1. gr.

#### Markmið og markhópur

Megintilgangur dagþjálfunar aldraðra hjá Akureyrarbæ er að styðja notendur til sjálfstæðis og sjálfræðis, ásamt því að efla færni og sjálfsbjargargetu heima og í dagþjálfun. Dagþjálfun er ætluð einstaklingum 67 ára og eldri sem eiga lögheimili á Akureyri og búa í heimahúsum. Öldrunarheimili Akureyrar annast rekstur á einu dagþjálfunarrými sem Eyjafjarðarsveit hefur heimild fyrir. Hægt er að sækja um undanþágu ef umsækjandi er undir 67 ára aldri eða íbúi í nágrannasveitarfélagi og gild rök eru fyrir hendi.

### 2. gr.

#### Skipulag þjónustu

Dagþjálfun aldraðra er staðsett í Hlíð, Austurbyggð 17. Dagþjálfun er veitt alla virka daga frá kl. 8:15 til 16:00.

Í dagþjálfun er boðið upp á flutningsþjónustu til og frá heimili einstaklings, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf, aðstöðu til léttra líkamsæfinga, iðjuþjálfun, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Auk þess er boðið upp á sjúkraþjálfun. Einstaklingsbundið er hversu oft og hvaða daga viðkomandi mætir í viku.

### 3. gr.

#### Gjaldtaka

Notendur dagþjálfunar greiða daggjald fyrir veru sína hverju sinni samkvæmt reglugerð Velferðarráðuneytisins um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

### 4. gr.

#### Mat á þörf fyrir þjónustu

Umsókn um dagþjálfun aldraðra skal berast búsetudeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26 á sérstökum eyðublöðum sem þar fást eða á heimasíðu Akureyrarbæjar. Á þeim skal koma fram ástæða umsóknar, þjónusta sem sótt er um, lýsing á heilsufari, líkamlegri færni og andlegu ástandi ásamt fjölda daga sem sótt er um. Með undirskrift veitir umsækjandi heimild til að haft verði

samband við lækni, starfsfólk heimahjúkrunar og heimaþjónustu eða aðra þá er þekkt til umsækjanda, ef þörf krefur vegna mats á þörf fyrir dagþjálfun.

#### **5. gr.**

##### **Afgreiðsla umsókna**

Fulltrúar dagþjálfunar Hlíðar ásamt fulltrúa frá búsetudeild Akureyrarbæjar sjá um afgreiðslu umsókna og ákvarða um veitingu þjónustu. Tekin er ákvörðun út frá þeim upplýsingum sem fram koma á umsóknareyðublaði auk annarra gagna er kunna að fylgja eða óskað hefur verið eftir.

Innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst er haft samband við umsækjanda. Ef umsókn er samþykkt er tiltekið; annað hvort að viðkomandi sé boðin dagþjálfun eða hins vegar að umsækjandi sé kominn á biðlista og verði boðin þjónusta þegar rými losnar. Sé umsókn synjað fylgir rökstuðningur synjuninni og upplýsingar um að umsækjandi geti vísað ákvörðuninni til velferðarráðs Akureyrarbæjar, sé hann ekki sáttur við niðurstöðuna.

#### **6. gr.**

##### **Kynning á þjónustu**

Fulltrúi dagþjálfunar Hlíðar hefur samband við umsækjanda af biðlista þegar rými losnar. Umsækjanda og eftir atvikum öðrum fjölskyldumeðlim er boðið að koma í viðtal og kynningu á dagþjálfuninni. Aðstaðan er sýnd og þjálfunin og starfsemin kynnt. Að undirbúningi loknum getur dagþjálfun hafist eða viðkomandi fer á biðlista.

#### **7. gr.**

##### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

#### **8. gr.**

##### **Áfrýjun**

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur hann vísað máli sínu til velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um niðurstöðu umsóknar. Velferðarráð skal fjalla um málið og taka ákvörðun eins fljótt og auðið er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til útskurðarnefndar velferðarmála, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, Reykjavík. Skal það gert innan

Þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðunvelferðarráðs.

Samþykkt í velferðarráði í 18. maí 2016

Samþykkt í bæjarstjórn 7. júní 2016

